

Frá: Gunnbjorn Gunnarsson
Sent: laugardagur, 12. ágúst 2023 17:06
Til: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Efni: Styrkur fyrir kvikmyndaverkefni

Komdu sæl og blessuð Fjóla

Gunnbjörn Gunnarsson heiti ég og er leiklistarnemi í Berlín. Ég er að fara skjóta kvikmynd sem verðu lokaverkefni mitt í skólanum í Þýskalandi. Tökur munu hefjast núna í lok September, síðustu tvær helgarnar nánar tiltekið. Hún verður m.a. skotin í Reykjavík, á Litla-Hrauni á Eyrabakkavegi og einnig hjá fína pylsuvagninum ykkar á Selfossi.

Ég sendi þennan tölvupóst einnig á þig í von um það að fá styrk frá sveitarfélagi Árborg. Ég var ekki viss á hvern ég ætti að senda þennan tölvupóst í von um það að fá styrk þannig ég ákvað að kasta mér í djúpu laugina og senda á bæjarstjórnann sjálfan. Þetta er í raun stuttmynd og þurfum við helst einn heilan dag að skjóta í Pylsuvagninum og eitthvað í kringum Litla-Hraun.

Í lokin munum við svo senda myndina út á hátíðir og sýna hana í skólanum í Berlín. Leikari í myndinni er meðal annars Hilmir Snær sem leikur pabba og ég mun sjálfur leika son hans.

Ég vona að þetta gangi upp og að Sveitarfélagið Árborg geti hjálpað okkur. Við þiggjum hvað sem er.

Hlakka til að heyra frá þér.

Kær kveðja
Gunnbjörn Gunnarsson